




30. mars  
**2020**

## Tímabundin lokun Gestastofu Snæfellsness

Stjórn Svæðisgarðs Snæfellsness ákvað í ljósi aðstæðna, á fundi sínum s.l. föstudag, að loka Gestastofu Snæfellsness á Breiðabliki tímabundið frá og með 30. mars.

Við opnum aftur um leið og hægt er.

Nú er verið að uppfæra rafrænt kynningarefni fyrir Gestastofu Snæfellsness og búa til nýtt, svo Snæfellingar séu vel undirbúnir til að taka á móti gestum þegar þeir koma aftur, bæði íslenskir og erlendir.



Fróðleiksskilti við Grundarfjarðarhöfn Krums Grundarfirði

## Rafrænir fundir

Nú eru allir fundir Svæðisgarðsins orðnir rafrænir, bæði fámennir vinnufundir og þátttaka í ráðstefnum innan lands og utan.

Þetta gengur bara vel og væntanlega verður fjarvinna meira notuð alls staðar eftir þessa eldskýrn. Í því felast tækifæri fyrir Snæfellsnes.

## Áskorendahornið

Í kvöld, mánudaginn 30. mars 2020, kl. 20 ætlum við í heimsókn til Ólínu Gunnlaugsdóttur frá Ökrum á Hellnum. Það hefur skapast nokkurs konar nútíma baðstofumening á samfélagsmiðlum s.l. daga og vikur þar sem Íslendingar deila sögum og ljóðum úr stofunum heima og hægt er að sitja við kertaljós og njóta í rauntíma. Þið getið smellt á beina útsendingu á fésbókarsíðu Ólínu í kvöld eða horft á efnið síðar á samfélagsmiðlum Svæðisgarðsins.

Rósa Erlendsdóttir sagði frá dularfullu hvarfi s.l. föstudagskvöld og það verður spennandi að hlusta á Ólínu og heyra á hvern hún skorar í kvöld.

## Aðgengilegir staðir

### Kynning 2

Við höldum áfram að kynna lykilaðfangastaði á Snæfellsnesi.

Kynningarnar hafa verið unnar af markaðs- og kynningarfulltrúum viðkomandi sveitarfélags og starfsmönnum Svæðisgarðsins. Þetta er verk í vinnslu og allar ábendingar eru vel þegnar. Gagnrýni er gjöf (þegar rýnt er til gagns).

Smellið á myndirnar til að skoða betur  
Opnast í nýjum glugga

Við viljum að þessu sinni setja kastljósið á þéttbýliskjarnana fimm sem kúra á norðanverðu Snæfellsnesi. Falleg bæjarstæði með mörgum útivistarmöguleikum. Þar er líka heilmikla þjónusta að fá og um að gera að nýta þetta tækifæri til að fara um alla bæina okkar, kynna sér snæfellsk fyrirtæki og hvað þau hafa upp á að bjóða.

Hefur þú skoðað gömlu hlöðnu réttina við Ólafvík, gengið um skógræktina og að Bæjarfossinum, hlaupið eða farið í hjólastól, á hjólabretti eða með barnavagn eftir vel uppbyggðum stíg alla leið að Rifi eða Hellissandur?

Vissir þú að Hellissandur er höfuðborg götulistar á Íslandi?

Það er gott að teygja úr sér á áningarstaðnum við Búlandshöfða, horfa yfir Breiðafjörð og upp í fjallgarðinn.

Kirkjufell er hægt að skoða frá mörgum sjónarhornum. Grundarfjarðarbær á að vera aðal "Kirkjufells stoppið", t.d. er gaman að fara um Framnes, heimsækja listamenn sem þar eru að störfum, klifra í öruggum aðstæðum, borða góðan mat og áfram má telja. Skíðasvæði Snæfellinga er í Grundarfirði.

Í Stykkishólmi er líka margt að sjá. Söfn og sýningar, hagleiks-smíðjur, veitingastaði, fjölbreyttar gönguleiðir, gömlu falletgu húsin í bland við ný. Góð aðstaða til íþróttaiðkunnar. Þetta eru bara kveikjur, alls ekki tæmandi upptalning.

Við ættum öll að heimsækja bókasöfnin, sundlaugarnar, golfvellina, prófa alla veitingastaðina, skoða söfnin, heimsækja alla merktu áfangastaði, lesa um sögurnar. Finna uppáhalds staðinn okkar, t.d. til að horfa á sólina setjast í Breiðafjörð. Heimsækja fyrirtækin sem eru að bjóða margvíslega þjónustu. Áttahagafræði er aðalsmerki skólanna á Snæfellsnesi, við fullorðna fólkið verðum að vera viðræðuhæf. Er það ekki ágætis áskorun fyrir 2020; að verða sérfræðingur í Snæfellsnesi?



**Ó**lafsvík, population around 1,000, is the largest town within the Snæfellsbær municipality. The town has a thriving fishing industry, a good harbor and a variety of services, i.e. supermarket, health service, restaurants, swimming pool, information centre, shops, camping site and various accommodation possibilities. One of the biggest characteristics of Ólafsvík is Þajarfoss, a grand waterfall in the town center. In the vicinity one can find many walking trails and outdoor activities in the surrounding area.

Ólafsvík



**R**if is characterized by its grand harbor and prosperous fishery, dating back to the 17th century. Conditions for bird watching in Rif are very favourable, and attract many tourists every year. Rif is the home of one of the largest arctic tern nestings in Iceland. In the vicinity one can find many walking trails and outdoor activities in the surrounding area.

Rif



**H**ellissandur er sennilega fyrsta byggð landsins sem mátti kalla sjávarþorp en þar er talið að þorp hafi staðið víðan á miðöldum. Hellissandur liggur nærri linnangnum að þjóðgarðinum Snæfellsjóki. Þrátt fyrir að líður á Hellissandi séu einungis um 350 talning er þar að finna hótel, veitingastað, sjómínjasafn, kaffihús, verslun og tjaldsvæði auk þess sem bæirnir hefur nýlega fengið viðurnefnið sem höfuðborg vegjalistar á Íslandi sökum fjölda listaverka á húsvægjum víða um bæinn. Fjöldi gönguleiða og útivistarmöguleika í nágrenninu.

The tiny village of Hellissandur is located on the doorstep of the Snæfellsjóki National Park. Once a centre of fishing and trades now it is a centre of tourism. Home to some 350 people the village currently boasts a hotel, restaurant, maritime museum, coffee house, grocery store and a camp site in addition to being the Street Art Capital of Iceland due to the multitude of outdoor wall murals in town. Many walking trails and outdoor activities in the surrounding area.

Hellissandur



**G**rundarfjörður er lítil bæ sem liggur við sjávarstöðuna og er umlúkin fallegum fjallgarði. Margt er að njóta í þessu fallega umhverfi eins og hestaterðir eða að fara á kayak. Einnig er boðið upp á hvalaskoðunarferðir, hægt er að dregja af bryggjunni, skoða einstakt fuglalíf eða spila golf.

Grundarfjörður is a charming fishing town situated between the sea and an impressive mountain range. Enjoy the beautiful surroundings on an outdoor activity such as horseback riding, kayaking, whale watching, sea angling, puffin watching or a game of golf.

Grundarfjörður



**V**ið höfnina í Stykkishólmi stendur Súgandisey, auðvelt er að ganga upp á Súgandisey, auðvelt er að vita um. Frá göngustígum sjánnar er stórbrotið útsýni yfir Stykkishólmi og út á Breiðafjörð.

**B**y the harbour in Stykkishólmi, the majestic island Súgandisey stands. Hiking up Súgandisey, to the iconic lighthouse is easy. Walking paths on the island offer breath-taking view over Stykkishólmi and the innumerable island on Breiðafjörður Bay.

Súgandisey